



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2025  
Tilvísun: Mál nr. S-127/2025

**Efni: Umsögn Landspítala um áform um frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.**

Landspítali fagnar því að hafin sé vinna við að bæta lagaumhverfi og framkvæmd öryggisráðstafana í málefnum einstaklinga sem gert er með dómsúrlausn að sæta slíkum ráðstöfunum. Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað bent á nauðsyn lagasetningar á þessu sviði.

Í áformunum er kveðið á um nýja stofnun sem verður heimilt, á grundvelli rökstudds mats þverfaglegs matsteymis, að færa einstaklinga á milli úrræða, enda sé ákvörðun í samræmi við dómsorð. Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti á sama hátt færst til og frá geðsviði Landspítala, enda sitji yfirlæknir í áður nefndu matsteymi.

- Er hér átt við flutning til hvaða einingar sem er á geðsviði eða eingöngu réttargeðdeildar?
- Hvaða yfirlækni er átt við hér, yfirlækni réttargeðdeildar?
- Landspítali áréttar að þeir sem leggjast inn á réttargeðdeild eru einstaklingar með undirliggjandi alvarlegan geðsjúkdóm sem hægt er að meðhöndla, enda um sjúkrahúsvist að ræða.
- Óljóst er hvernig réttargeðdeild mun tengjast þessari nýju stofnun og hvernig löggjöfinni verður háttað, m.t.t. fagþekkingar, eftirlits og kærueimilda.
- Í áformunum er aðeins tekið fram að yfirlæknir sitji í matsteyminu en Landspítali leggur höfuðáherslu á að það er grundvallarforsenda innlagnar að ákvörðunin sé læknisfræðileg og tekin af yfirlækni.

Í áformunum er einnig kveðið á um að frumvarpið geri ráð fyrir að við gildistöku verði gerð breyting á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, þar sem stofnuninni verði falið eftirlit með þjónustu sem veitt er á þeim stöðum sem einstaklingar eru vistaðir á og kveðið er á um í frumvarpinu.

- Um eftirlit með heilbrigðisþjónustu gilda lög um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er á Íslandi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar. Óljóst er af áformunum hvort ætlunin sé að breyta hlutverki embættis landlæknis hvað varðar þá einstaklinga sem eru inniliggjandi á réttargeðdeild þar sem veiting heilbrigðisþjónustu fer fram.

Þá er í mati á áhrifum lagasetningar tekið fram að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd velferðarmála úrskurði um tiltekin mál, en ekki gert ráð fyrir miklum fjölda kæra þessa efnis og útgjaldaauki ríkissjóðs verði því óverulegur. Óljóst er af áformunum hvaða mál þetta eru og hvort áformað sé að ákvarðanir heilbrigðisstarfsfólks eigi þar undir.

Að lokum vill Landspítali lýsa sig reiðubúinn til frekara samráðs og samtals vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

Virðingarfyllst,

Nanna Briem,  
framkvæmdastjóri